

Umsagnir og athugasemdir - Deiliskipulag Stóra Hraun – 2410015. (skipulagsgátt nr. 1450/2024)

Umsagnir og athugasemdir. Viðbrögð skipulagsnefndar Árborgar:

Deiliskipulagstillaga vegna nýs fangelsis að Stóra Hrauni í sveitafélaginu Árborg var samþykkt til auglýsingar þann 12. febrúar 2025, á fundi skipulagsnefnd Árborgar og í bæjarstjórn Árborgar 19.2.2025.

Tillagan var auglýst í dagskránni og Lögbirtingarblaði, auk þess sem tillagan var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar frá 13. mars, og með athugaemdafresti til og með 30. apríl 2025, og bárust 5 umsagnir og ein athugasemd vegna deiliskipulagsins.

Umsagnir og athugasemdir og viðbrögð skipulagsnefndar við þeim:

1. **Vegagerðin** – Umsögn var lögð inn af Sesselju Sumarrós Sigurðardóttir f.h. VG

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

2. **Brunavarnir Árnessýslu** – Umsögn var lögð inn af Guðmundi G. Þórissyni
Athugasemd:

Gera þarf ráð fyrir nægjanlega stórum lögnum fyrir slökkvivatn inn á skipulagssvæðið að Stóra-Hrauni.

Svar:

Fyrsti kostur er að fá aðgang að nægilegu magni af vatni frá sveitafélaginu fyrir slökkvivatn. Ef það reynist ekki mögulegt mun verða skoðað að koma fyrir miðlunartanki eða gera borholu fyrir slökkvivatn minnst 30m niður í jörðu sem nota skal fyrir svæðið. Staðsetning holu verður innan afmarka raskaðs svæðis vegna uppbyggingar. Mikið er af vatni á svæðinu og mun þetta því hafa lítið áhrif á grunnvatnstöðu.

3. **Náttúruverndarstofnun** - Umsögn var lögð inn af Sveini Kári Valdimarssyni / Axel Benediktssyni

Athugasemd barst í formi umsagnar um skipulagið.

Helstu atriði umsagnar:

Votlendi - Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun áætlunin gera ráð fyrir raski á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar. Því þarf að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun leggur einnig til að skoðuð sé önnur svæði fyrir uppbyggingu þar sem votlendi er ekki raskað. Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

Vistgerð og fuglalíf – Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin runnamýravist og língresis- og vingulsvist sem

eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á eins og kemur fram í greinargerð að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti NÍ3 og bendir Náttúruverndarstofnun á að á þessum svæðum geta verið fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á válista og ábyrgðartegundir Íslands. (Sjá lista NÍ: <https://www.ni.is/greinir/forgangstegundir-fugla>).

Náttúruverndarstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands. Í greinargerð segir að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings. Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki er vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gæti þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla. Í greinargerð segir að innan deiliskipulagssvæðis má segja að fuglalíf hopi vegna þess að deiliskipulagssvæðið afmarkast af tveimur stofnvegum þar sem umferð er töluverð og má því efast um að mikið fuglalíf sé á svæðinu og allra síst næst Eyrarbakkavegi og Gaulverjarbæjarvegi. Náttúruverndarstofnun tekur undir að frekari uppbygging og rask á svæðinu mun hafa neikvæð áhrif á votlendi, vistgerðir og búsvæði ábyrgðategunda.

Náttúruverndarstofnun leggur til að unnið sé gróðurkort og gerð fuglatalning sem væri notuð sem grunnforsendur við skipulagsvinnuna.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fuglasvæðið í áætluninni og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðanna og landnotkun á svæðum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fugla

Svar:

Í greinargerð vegna breytingar á aðalskipulagi þar sem hluti af landi Stóra Hrauns er breytt úr landbúnaðarlandi í samfélagsþjónustu segir:


„Sveitarfélagið er hlynnt því að breyta landbúnaðarlandi í svæði fyrir samfélagsþjónustu og að þar verði byggt upp fangelsi. Svæðið hefur lítið verið nýtt til landbúnaðar undanfarin ár og ekki er um að ræða að ræktuðu landi verði breytt. Þá er jákvætt að byggt verði nýtt fangelsi í sveitarfélaginu með tilheyrandi endurbótum á aðstöðu starfsmanna og fanga ásamt mögulegri fjölgun starfa. Þá er framkvæmdin talin varða almannahagsmunir, þar sem núverandi ástand fangelsismála á Íslandi annar engan vegin nýjum áskorunum sem meðal annars birtast í fjölgun brotamála í ýmsum málaflokkum.

Til að svar þeim áherslum sem Náttúruverndarstofnun leggur til þarf að byrja á að útskýra staðhætti aðeins og af hverju þessi staðsetning var valin.

Jörðin Stóra hraun liggur hæðst frá norðri og lækkar til suðurs.

Grunnvatn og yfirborðsvatn er því að ferðast þessa átt til sjávar.

Landið hefur að geyma mikið vatnsforða þar sem það liggur ofan á Þjórsárhrauni og mynda lægðir í landi mýrlendi. Stór hluti af óbyggðu landi í sveitafélaginu



Mynd 1. Lofmynd tekin af vefsíðu Árborgar sem sýnir uppbyggingsvæði og hvernig tún og skurðir liggja af hluta af Jörðinni Stóra Hraun.

Árborg er samskonar. Hluti af landi stóra hraun hefur verið nýttur undir landbúnað og ræktað hefur verið tún þar. Það svæði er norðan af afmörkun fyrir nýtt fangelsi að Stóra Hrauni. Í kringum þessi tún hefur verið gerðir miklir áveituskurðir sem liggja þvert í gegnum túnin og meðfram þeim. Vatn er svo leitt eftir áveituskurðum frá þeim og niður með jarðarmörkum báðum megin. Af þessum sökum má segja að hluti af jörðinni Stóra Hrauni er þegar raskaður vegna þessa og hefur haft áhrif á landsvæði sem nú er afmarkað í aðalskipulagi undir samfélagsþjónustu.

Í byrjun verkefnisins var staðsetning fangelsis alltaf hugsuð sem næst núverandi fangelsi að Litla Hrauni. Staðsetning var valin vegna eignar ríkisins á Jörðinni Stóra Hraun og því ekki þörf á að kaupa upp land fyrir nýtt fangelsi. Þessi staðsetning var líka valin vegna nálægðar við helstu stofnvegi sem þykir kostur. Þannig mun vegatenging að fangelsi koma frá Gulverjarbæjarvegi og því ekki þörf að þvera land annarra með tilheyrandi röskun. Vegurinn liggur líka norður suður og myndar því ekki höft fyrir grunnvatn um og af svæðinu. Einnig eru góðar samgönguleiðir eftir Eyrarbakka og því auðvelt að koma akandi, hjólandi eða með strætó að fangelsinu. Einnig er jörðin í næsta nágrenni við atvinnusvæðin sem Stokkseyri og Eyrabakki eru.

Hugsunin vegna staðsetningar fangelsis var að fara ekki með of langt inn í landið til að raska svæðinu sem minnst en þó það langt til að minnka þá ásynd sem byggðin mun hafa á umhverfið.

Horft var líka til þess að staðsetningin væri nálægt núverandi fangelsi að Litla Hraun og nýta þannig þann mannauð og þekkingu sem er á svæðinu nú þegar. Einnig er Saga fangelsis samofin Stokkseyri og Eyrabakka og því almenn sátt um að hafa slíka starfsemina í næsta nágrenni.

Unnin var jarðvegsrannsókn á landi Stóra Hrauns 2. Maí 2024. Gerðar voru 15 jarðvegsholur í landið. Kannað var hæð niður að föstum botni og hverskonar jarðvegur er þarna. Var hæðin niður að föstum botni frá 0,5m og niður í 2,75m. Holurnar sem eru inn á framkvæmdarsvæðinu eru með fastan botn frá 0,5 – niður í 1,2m. Jarðvegur er gras og þúfur á yfirborði en vatnsmikil moldarríkur lífrænt jarðvegur niður að botni. Grunnvatn liggur ofan á botninum (hraun-kargi).

Unnið var með þessa jarðvegsskýrslu til ákvörðunar á staðsetningu fangelsis og staður valinn þar sem stutt er niður á fast og því rask á landi minna.

Í desember 2024 var farin skoðunarferð til að meta land út frá vistgerð og fuglalífi. Farið verður í 2 aðrar slíkar ferðir, eina í maí og svo aðra í ágúst. Skoðað er hvaða vistgerðir eru á svæðinu og gert gróðurkort. Einnig verður gerð talning á fuglum á svæðinu. Með þessu er hægt að meta hvað svæðið hefur að geyma og hvort þar séu þættir sem þarf að taka til skoðunar samhliða uppbyggingu á svæðinu.

Mótvægisáðgerðir

Skoða skal möguleika á að endurheimta á þeim túnum sem nú þegar eru í landi Stóra hrauns með því að fylla upp í skurði sem afmarkar þau. Túnin hafa lítið verið nýtt undanfarin ár og því góður kostur fyrir endurheimt á votlendi.

Fram hafa komið óskir frá Fuglavernd um hugsanlega töluvert mikla stækkun á núverandi verndarsvæði/friðlandi í Flóa, vestan við staðsetningu nýs fangelsis.

Á umræddu svæði Flóans er unnið jöfnum höndum að endurheimt votlendis. Verði af fyrirhugaðri stækkun svæðisins, má færa rök fyrir því að slíkt teljist til mótvægisáðgerða vegna Stóra-Hrauns.

Afmarka það landsvæði vel sem mun raskast og setja kvöð á um að ekki verði farið út fyrir ystu girðingar í kringum fangelsi.

Afmarka vel svæði sem fer undir vegi og bílastæði og raska svæði sem minnst út frá þeim. Setja mörk um að ekki megi fara meira en 8m út frá ystu afmörkun þeirra. Að minnka það svæði verulega sem er inn á deiliskipulagstillögunni um manir og gróðursetningu planta þannig að landið haldist sem mest ósnortið.

Að vinna markvist með ofanvatnslausnir innan fangelsisveggja þannig að öllu vatni af byggingum verði leitt út í nánast umhverfi sem nýtist áfram út af svæðinu og til myndunar setjarnir.

Til að fá yfirsýn yfir vistgerðir platna og fuglatalningu skal stefnt að því að unnin verði skýrsla sem mun nýtast til að fá yfirsýn yfir ástand svæðis, og til að meta hvort áhrif framkvæmdar sé jákvæð eða neikvæð og þá með hvaða hætti.

4. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands – Umsögn var lögð inn af Stellu Hrönn

Jóhannsdóttir

Athugasemdir:

1. Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að skólpi frá iðnaðarhúsnæði verði veitt í gegnum olíuskilju áður en því er veitt í skólp.

Af ofangreindu orðalagi er ekki ljóst hvort gert er ráð fyrir að frárennsli frá olíuskilju verði veitt í skólphreinsistöð innan lóðar eða eitthvert annað.

2. Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur ekki fram hverskonar starfsemi kemur til með að fara í nefndu iðnaðarhúsnæði.

3. Á skipulagsstigi þarf að liggja fyrir hvort geri þurfi áhrifamat framkvæmdar og/eða starfsemi á vatnshlot samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Svar:

1. Í greinargerð deiliskipulagstillögu kemur eftirfarandi fram:

„Iðnaðarskólp: Sett verður olíuskilja við Iðnaðarhúsnæði, samkvæmt: (IST EN 858-1:2002 og ÍSTEN 858-2:2003. Viðvörunarbúnaður vegna olíumagns í olíugildru samkvæmt: ÍST EN 1346-5:2003. Frárennsli frá olíuskilju verður leitt í skólp.“

Áréttað er að það eru vinnustofur í tveimur byggingum í fangelsinu. Í þessum vinnustofum eru meðal annars þvottahús, létt smíða- og málmvinnustofa sem svipar til smíðavinnustofu í grunnskóla. Fráveita frá vöskum og gólfniðurföllum þar sem hætta er á olíumengun og/eða sterkum efnum verður veit í viðeigandi hreinsivirki. Sett verður olíuskilja við vinnustofubyggingar, samkvæmt: (IST EN 858-1:2002 og ÍSTEN 858-2:2003. Viðvörunarbúnaður vegna olíumagns í olíugildru samkvæmt: ÍST EN 1346-5:2003. Frárennsli frá olíuskilju verður leitt í skólplagnir.“

2. Í greinargerð deiliskipulags eins og getið er um í svari við fyrstu spurningu er talað um iðnaðarskólp í kafla um 3.5.1 um rotþró. Réttara væri að tala um skólp frá vinnustofum frekar en húsi sem hýsir iðnað. Sú starfsemi sem verður fyrir vistmenn í nýja fangelsinu verður með svipuðum hætti og sú starfsemi sem fyrir er á Litla hrauni. Í dag er engin leyfisskyld starfsemi að Litla Hrauni en ef slík starfsemi verður skal hafa samráð og fá samþykki frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

3. Vinna við mat á áhrifum á vatnshlot hófst snemma í hönnunarferlinu og verður unnið áfram samhliða hönnun framkvæmdarinnar til að tryggja að niðurstöður matsins hafi áhrif á ákvarðanir varðandi hönnunarútfærslur. Matið er unnið í samræmi við ákvæði laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og samkvæmt

leiðbeiningum Umhverfisstofnunar frá desember 2024. Markmið matsins er að tryggja að ákvarðanataka byggji á traustum gögnum og vönduðu mati á áhrifum á vatnshlot og að gripið verði til fyrirbyggjandi ráðstafana, verði þess þörf, til að lágmarka neikvæð áhrif á vatnshlot. Lokamarkmiðið er að tryggja að áhrif framkvæmdarinnar og starfseminnar hafi hvorki í för með sér hnignun á ástandi vatnshlotanna né hindri að settum umhverfismarkmiðum verði náð.

Í matinu er sérstaklega fjallað um þau vatnshlot sem gætu orðið fyrir áhrifum frá framkvæmdasvæðinu, bæði á framkvæmdatíma og við rekstur mannvirkisins til framtíðar. Litið er til yfirborðsvatns og grunnvatns, með áherslu á möguleg áhrif á vatnsgæði, vatnsrennsli og vistkerfi tengd vatninu. Notast er við Vatnavefsjá við gagnaöflun, ásamt grunnvatnslíkani og vistfræðiskýrslu sem gerð hafa verið í tengslum við framkvæmdina og starfsemina.

Skýring:

Vatnshlot: Eining af vatni, oft afmörkuð sem t.d. allt það vatn sem er að finna í einu stöðuvatni, á eða strandsjó.

5. Náttúrufræðistofnun – Umsögn var lögð inn af Borgnýju Katrínardóttir Athugasemd barst í formi umsagnar um skipulagið.

Helstu atriði umsagnar:

Náttúrufræðistofnun veitti þann 20. desember 2024 umsögn um tillögu að deiliskipulagi vegna sömu framkvæmda. Þar kom fram að framkvæmdasvæðið er fremur lítt raskað land sem einkennist af vot- og deiglendi. Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar eru helstu vistgerðir innan svæðisins á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar og hafa hátt eða mjög hátt verndargildi. Þá fellur hluti votlendisins einnig undir sérstaka vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Þrátt fyrir að ætla megi að þéttleiki fugla sé almennt lægri næst Eyrarbakkavegi og Gaulverjabæjarvegi, má út frá vistgerðum reikna með háum þéttleika þegar fjær dregur veginum og ekki er ólíklegt að fjöldi innan framkvæmdasvæðisins hlaupi á hundruðum fugla.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands. Suðurlandið er einnig það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast.

Talningar í landshlutanum benda til þess að ör fækkun sé að eiga sér stað hjá vaðfuglum og er líklegt að aukin umsvif mannsins eigi þar hlut að máli. Fækkunar hefur einnig orðið vart í öðrum landshlutum og við næstu uppfærslu válista fugla mun tegundum vaðfugla í hættuflokkum fjölga (Náttúrufræðistofnun, í vinnslu).

Afar brýnt er því að leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á búsvæði vaðfugla. Fyrir umrætt framkvæmdasvæði mætti t.d. gera það með því að draga úr flatarmáli þess svæðis utan fangelsisveggjanna sem fyrirhugað er að umbreyta með ýmskonar landmótun en líklegt má teljast að þær breytingar muni leiða til umtalsverðrar fækkunar vaðfugla innan svæðisins.

Framkvæmdinni mun óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á verðmætum vistgerðum og tap og uppskipting (e. fragmentation) á búsvæðum fugla. Með framkvæmdum sem breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýra mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag að taka ríkt tillit til votlendis. Mikilvægt er því að leitast við að lágmarka rask á votlendi innan svæðisins og vill Náttúrufræðistofnun

hvetja sveitarfélagið til þess að kanna möguleika á endurheimt votlendis annars staðar til að vega upp á móti því raski sem framkvæmdin mun hafa í för með sér

Svar:

Í byrjun verkefnisins var staðsetning fangelsis alltaf hugsuð sem næst núverandi fangelsi að Litla Hrauni. Staðsetning var valin vegna eignar ríkisins á Jörðinni Stóra Hraun og því ekki þörf á að kaupa upp land fyrir nýtt fangelsi. Þessi staðsetning var líka valin vegna nálægðar við helstu stofnvegi sem þótti kostur. Þannig mun vegatengingin að fangelsi koma frá Gaulverjarbæjarvegi og því ekki þörf að þvera land annarra með tilheyrandi röskun. Vegurinn liggur líka norður suður og myndar því ekki höft fyrir grunnvatn um og af svæðinu. Einnig eru góðar samgönguleiðir eftir Eyrarbakkavegi og því auðvelt að koma akandi, hjólandi eða með strætó að fangelsinu. Einnig er jörðin í næsta nágrenni við atvinnusvæðin sem Stokkseyri og Eyrabakki eru. Hugsunin vegna staðsetningar fangelsis var að fara ekki með fangelsið of langt inn í landið til að raska svæðinu sem minnst en þó það langt til að minnka þá ásynd sem byggðin mun hafa á umhverfið.

Horft var líka til þess að staðsetningin væri nálægt núverand fangelsi að Litla Hraun og nýta þannig þann mannauð og þekkingu sem er á svæðinu nú þegar. Einnig er Saga fangelsis samofin Stokkseyri og Eyrabakka og því almenn sátt um að hafa slíka starfsemina í næsta nágrenni.

Unnin var jarðvegsrannsókn á landi Stóra Hrauns 2. Maí 2024. Gerðar voru 15 jarðvegsholur í landið. Kannað var hæð niður að föstum botni og hverskonar jarðvegur er þarna. Var hæðin niður að föstum botni frá 0,5m og niður í 2,75m. Holurnar sem eru inn á framkvæmdarsvæðinu eru með fastan botn frá 0,5 – niður í 1,2m. Jarðvegur er gras og þúfur á yfirborði en vatnsmikil moldarríkur lífrænt jarðvegur niður að botni. Grunnvatn liggur ofan á botninum (Hraun-kargi). Unnið var með þessa jarðvegskýrslu til ákvörðunar á staðsetningu fangelsis og staður valinn þar sem stutt er niður á fast og því rask á landi minna.

Í desember 2024 var farin skoðunarferð til að meta land út frá vistgerð og fuglalífi. Farið verður í 2 aðrar slíkar ferðir, eina í maí og svo aðra í Ágúst. Skoðað er hvaða vistgerðir eru þarna og gert gróðurkort. Einnig verður gerð talning á fuglum á svæðinu. Með þessu er hægt að meta hvað svæðið hefur að geyma og hvort þar séu þættir sem þarf að taka til skoðunar samhliða uppbyggingu á svæðinu.

Mótvægisáðgerðir

Skoða skal möguleika á að endurheimta á þeim tünnum sem nú þegar eru í landi Stóra hrauns með því að fylla upp í skurði sem afmarkar þau. Túnin hafa lítið verið nýtt undanfarin ár og því góður kostur fyrir endurheimt á votlendi.

Fram hafa komið óskir frá Fuglavernd um hugsanlega töluvert mikla stækkun á núverandi verndarsvæði/friðlandi í Flóa, vestan við staðsetningu nýs fangelsis.

Á umræddu svæði Flóans er unnið jöfnum höndum að endurheimt votlendis.

Verði af fyrirhugaðri stækkun svæðisins, má færa rök fyrir því að slíkt teljist til mótvægisáðgerða til góða, fyrir votlendi og fugla vegna framkvæmda við Stóra-Hraun.

Afmarka það landsvæði vel sem mun raskast og setja kvöð á um að ekki verði farið út fyrir ystu girðingar í kringum fangelsi. Afmarka vel svæði sem fer undir vegi og bílastæði og raska svæði sem minnst út frá þeim. Setja mörk um að ekki megi fara meira en 8m út frá ystu afmörkun þeirra. Að minnka það að einhverju leiti það svæði sem er inn á deiliskipulagstillögunni um manir og gróðursetningu planta þannig að landið haldist sem mest ósnortið. Að vinna markvist með ofanvatnslausnir innan

fangelsisveggja þannig að öllu vanti af byggingum verði leitt út í nánast umhverfi sem nýtist áfram út af svæðinu og myndar settjarnir. Að hafa skýrslu sem unnin er um vistgerðir og fuglatalningu sem grunn til að raska búsvæðum fugla og þeim plötum sem eru á valista, ef þeir eru á framkvæmdasvæði sem minnst.

6. Minjastofnun Íslands – Umsögn var lögð inn af Oddgeiri Ísaksen

Athugasemd barst í formi umsagnar um skipulagið:

Minjastofnun ítrekar fyrri tilmæli og setur nú formlega fram þá kröfu að fornleifaskráningu verði lokið sem fyrst á deiliskipulagssvæðinu sem hér er til umfjöllunar. Fyrir getur stofnunin ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins, með tilliti til fornleifa. Skál verkið framkvæmt af fornleifafræðingi með reynslu á sviði fornleifaskráningar og kostað af þeim sem ber ábyrgð á skipulaginu. Skál skráningin unnin samkvæmt viðurkenndum aðferðum (sjá Skráningarstaðla fornleifa. Minjastofnun Íslands 2013) og ber að taka niðurstöður hennar saman í skýrslu sem skila á til Minjastofnunar Íslands ásamt tilheyrandi gögnum (landupplýsingagögn og ljósmyndir). Ef fornleifar finnast, ber að færa staðsetningarpunkta þeirra og/eða uppmælingar inn á skipulagsupprátt. Er þetta til samræmis við 16. gr. laga um menningarminjar nr.80/2012 þar sem segir:

Svar:

Búið er að gera fornleifaskráningu af þeim hluta Stóra Hrauns sem deiliskipulagstillaga nær til. Skýrsla var unnin af Margréti Hrönn Hallmundardóttur og Kristínu Sylvíu Ragnarsdóttur.

Niðurstöður eru :

„Framkvæmdasvæðið er stórpýfð mýri sem er hluti af Hraunsmýri. Fjórar rústir voru skráðar innan framkvæmdasvæðis. Engin af þeim lendir inn á byggingareitum. Hinsvegar er gert ráð fyrir trjám nærri nokkrum þeirra. Sú hönnun væri auðveldlega hægt að breyta til að forðast að planta trjám nærri rústunum. Ein rústin Hraunstekkur [001] er með línu teiknaða yfir en ekki er ljóst hvort um er að ræða fyrirhugaðan veg eða skurð sem teiknaður hefur verið, skurður er líklegri. Þetta þarf að athuga [mynd 14]. Lagt er til að hönnun á gróðurbeltum verði endurgerð með tilliti til minja í samráði við Minjastofnun. Með því ætti að vera hægt að komast hjá skemmdum á minjum inn á svæðinu. Einnig er lagt til að minjar verði merktar greinilega á meðan framkvæmdir á svæðinu fara fram. Minjar sjást ekki alltaf á yfirborði, komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær strax og hafa samband við Minjastofnun Íslands, Nokkrar athugasemdir koma fram í þessum niðurstöðum sem vert er að svara.

Fornminjar hafa verið færðar inn á upprátt deiliskipulags.

Breyting verður gerð á deiliskipulagi og komið til móts við athugasemdir frá Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun vegna röskunar á landi. Það verður séð til þess að minnka allt óþarfa rask á jörðinni utan þeirra svæða sem uppbygging fangelsis nær til. Settar verða kvaðir á að raska ekki svæði utan ystu markar girðingar fangelsis og afmarka það svæði sem röskun verður á vegna vega og vegstæða.

7. Eigandi Efra Sels í og Syðra Sel – Athugasemdir voru lögð inn af Eiði E.

Baldvinssyni

Athugasemdir:

- Ekki nægilegt samráð hefur verið við vinnu á deiliskipulaginu.
- Skerðir uppbyggingarmöguleika á Efra-Seli
- Staðsetning nýs fangelsis ekki góð
- Rýrir tækifæri til ferðaþjónustu

- Rýrir tækifæri til skógræktar
- Fráveitumál áhyggjuefni

Svar:

Almenn kynning á verkefninu var haldinn 20. nóv 2024 á Eyrabakka og gafst öllum tækifæri á að tjá skoðanir sínar á þeim fundi og bera upp athugasemdir þar.


Fangelsið að Litla Hrauni hefur ekki hamlað uppbyggingu á Eyrabakka, þvert á móti er þar fjölbreytt flóra fyrir ferðamenn að skoða njóta og gista. Litla Hraun hefur verið hluti af sögu svæðisins á áratugi og samofin sveitafélaginu. Með þessari starfsemi hafa skapast atvinnutækifæri og þekking í gegnum árin sem slæmt væri að missi fyrir þessa litlu byggðarkjarna sem næst eru nýju fangelsi að Stóra Hrauni.

Í byrjun verkefnisins var staðsetning fangelsis alltaf hugsuð sem næst núverandi fangelsi að Litla Hrauni. Staðsetning var valin vegna eignar ríkisins á Jörðinni Stóra Hraun og því ekki þörf á að kaupa upp land fyrir nýtt fangelsi. Þessi staðsetning var líka valin vegna nálægðar við helstu stofnvegi sem þótti kostur. Þannig mun vegatenging að fangelsi koma frá Gaulverjarbæjarvegi og því ekki þörf að þvera land annarra með tilheyrandi röskun. Vegurinn liggur líka norður suður og myndar því ekki höft fyrir grunnvatn um og af svæðinu. Einnig eru góðar samgönguleiðir eftir Eyrarbakka og því auðvelt að koma akandi, hjólandi eða með strætó að fangelsinu. Einnig er jörðin í næsta nágrenni við atvinnusvæðin sem Stokkseyri og Eyrabakki eru. Hugsunin vegna staðsetningar fangelsis var að fara ekki með fangelsið of langt inn í landið til að raska svæðinu sem minnst en þó það langt til að minnka þá ásynd sem byggðin mun hafa á umhverfið.

Horft var líka til þess að staðsetningin væri nálægt núverand fangelsi að Litla Hraun og nýta þannig þann mannauð og þekkingu sem er á svæðinu nú þegar. Einnig er Saga fangelsis samofin Stokkseyri og Eyrabakka og því almenn sátt um að hafa slíka starfsemina í næsta nágrenni.

Ekki er tekið undir þær fullyrðingar að nýtt fangelsi í landi Stóra-Hrauns muni hafa neikvæð áhrif á verð fasteigna á jörðum og landskikun nærri Stóra-Hrauns. Þá verður ekki séð að framkvæmdin muni hamla uppingaráformum jarðareigenda í grennd við Stóra Hraun.

Ekki er hægt að sjá að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi áhrif á skógrækt á næstu jörðum. Fráveita fer í gegnum hreinsistöð og affall verður eins hreint og reglugerðir gera kröfur um.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af svæðinu

Mynd 3. Tillaga að breytingu á deiliskipulagsupprætti